

Mánudaginn 3. maímánaðar.

Nr. 9/1897:

Margrjet Þorsteinsdóttir
gegnMagnúsi sýslumanni Torfasyni sem
uppboðsráðanda í Rangárvalla-
sýslu og Þorvaldi Björnssyni og
Jóni Hjörleifssyni.

Urskurður:

Eftir að umbodsmáður hins stefnda sýslumanns Magnúsar Torfasonar hafði hatt 3 vikna frest í máli þessu, frá 5. til 26. f. m., krafðist hann þess síðastnefndan rjettardag, að honum yrði veittur framhaldsfrestur til 5. júlímán. næstkomandi til þess að leiða vitni í málinu um 2 tilgreind málsatriði, en hann tjáist eigi fyrir hafa tíma til að gjöra rádstafanir til vitnaleiðslunnar sökum embættisanna. Umbodsmáður áfrýjanda hefur mótmælt að lengri frestur verði veittur en hálfsmánaðarfrestur og hefur stefndi til vara beðið um þennan frest, ef aðalbeiðni hans ekki verði tekin til greina.

Með tilliti til þess að áfrýjandi hefur mótmælalaust tekið það fram, að það mundi hafa rjettarmissi í för með sjer fyrir hann, ef stefuda yrði veittur eins langur frestur og hann hefur farið fram á, og með tilliti til þess að málið er gjafsóknarmál á hlið áfrýjanda, verður þessi langi frestur ekki veittur, nema stefndi hafi fært ánægjanleg rök fyrir beiðni sinni, en þetta hefur hann að álitu rjettarins eigi gjört, því að atvik þau, sem hann tjáist vilja fá upplýst með vitnaleiðslu, áttu

að svo miklu leyti sem þau geta haft þýðingu fyrir úrslit málsins, að vera fullkomlega upplýst, þegar hin áfrýjanda uppboðsgjörð fór fram, og að öðru leyti virðast þau eigi geta haft verulega þýðingu fyrir úrslitin. Stefnda verður því ekki veittur frestur til 5. júlímán., sem hann hefur beðið um, en með samþykki áfrýjanda veitist honum 14 daga framhaldsfrestur til andsvara.

Fyrir því úrskurðast:

Stefnda sýslumanni Magnúsi Torfasyni veitist 14 daga framhaldsfrestur í málinu, en að öðru leyti verður beiðni hans ekki tekin til greina.

Mánudaginn 10. maímánaðar.

Nr. 12/1897:

Rjettvísín

gegn

Jens Kristjánssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Ísafjardarkaupstaðar 25. nóvbr. f. á. var hinn ákærði Jens Kristjánsson sjómaður á Ísafirði dæmdur fyrir einfaldan þjófnað samkvæmt 230. gr. sbr. 40. gr. almennra hegningarlaga í 20 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einfalt fangelsi og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns í hjeradi cand. Gríms Jónssonar 7 krónur. Þessum